

## Nefndarálit

### um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

#### Efnahagshorfur.

Áætlanir í opinberum fjármálum hafa á síðustu árum byggst á óhóflega bjartsýnum forsendum um efnahagsþróun og treyst hefur verið á tímabundna aukningu tekna í uppsveiflu. Lítið hefur mátt út af bregða til þess að áætlanir brystu og tekjur dygðu ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld. Efnahagsforsendur frumvarpsins eru reistar á spá Hagstofu Íslands frá október sl. Þar kemur fram að meiri óvissa ríkir nú um efnahagshorfur hér á landi sem endurspeglast í áætlunum og spám um hagvöxt. Eftir langt hagvaxtarskeið gerir Hagstofa Íslands ráð fyrir nær engum hagvexti í ár en að hann taki við sér á ný á næsta ári og verði þá um 1,7%. Hagvaxtarspáin er 0,9% lægri en fyrri spá.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðherra til fjárlaganefndar, dags. 7. nóvember sl., kemur fram að tekjuáætlun frumvarpsins hafi verið uppfærð með hliðsjón af gögnum sem fallið hafa til síðan áætlunin var gerð í júní sl. Samkvæmt tillögu meiri hluta fjárlaganefndar verður ríkissjóður rekinn með um 11 milljarða kr. halla. Að sama skapi lækki tekjur ríkisins fyrir árið 2020 um 10,6 milljarða kr.

Gagnrýnivert er að ríkisstjórnin ætlar að fjármagna breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið vegna breytinga á hagspá, sem og breytingartillögur sem ríkisstjórnarflokkarnir gera við frumvarpið við 2 umr., með sölu losunarheimilda koltvísýrings að fjárhæð a.m.k. 4,8 milljarðar kr. 2. minni hluta sýnist margt benda til þess að í framtíðinni þurfi stjórnvöld að kaupa þessa kvóta til baka á mun hærra verði þar sem ekki virðist líklegt að Ísland geti haldið sig innan losunarheimilda. 2 minni hluti telur að ríkisstjórnin þurfi að rökstyðja að þessi ráðstöfun sé skynsamleg til framtíðar lítið áður en fjárlög verða afgreidd ellegar draga þessa fyrirætlun til baka.

Auk þess er það gagnrýnivert að ríkisstjórnin ætli að ganga á eigið fé Lánasjóðs íslenskra námsmanna um sem nemur 4,2 milljörðum kr. til að mæta breytingum á tekjuhlíð ríkissjóðs vegna breytinga á hagspá. Með öðrum orðum á Lánasjóður íslenskra námsmanna að borga upp hluta af halla ríkissjóðs. Það hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar. Jafnvel þótt staða sjóðsins sé góð er þessi ráðstöfun óskynsamleg nú þegar stjórnvöld áforma að gera breytingar á lánasjóðsfyrirkomulaginu. Fyrirhugaðar breytingar, þar sem 30% hluti láns verður í formi styrks, mun þýða aukna eftirspurn eftir lánnum. Í áður nefndu bréfi ráðherra kemur auk þess fram að veiðigjöld muni lækka um 2,1 milljarð kr. í frumvarpinu á grundvelli vísbendinga um væntanlegan útreikning veiðigjalda á næsta fiskveiðiári, að teknu tilliti til mikillar fjárfestingar útgerðarinnar. Spyrja má hvers vegna þetta mál er svo seint fram komið og hvort „vísbendingar um væntanlegan útreikning“ geti almennt talist fullnægjandi rökstuðningur í máli sem þessu.

Í tengslum við vaxtaákvörðun í nóvember benti Seðlabanki Íslands á að áætlanir um þróun efnahagsmála kynnu að litast um of af bjartsýni, ekki síst vegna óvissu í alþjóðlegum efna-

hagsmálum. Mikilvægt er að stefnan í ríkisfjármálum um þessar mundir taki mið af raun-sæjum forsendum um framvindu efnahagsmála. Af hálfu OECD hefur verið bent á að opinberar fjárfestingar þyrftu að vera meiri hér á landi en raun ber vitni og að aðgerðir næstu missera miði fyrst og fremst að því að draga úr áhrifum niðursveiflu. Þegar hægir á í efnahagslífinu, eins og raunin hefur orðið, er brýnt að stjórnvöld gripi til viðeigandi aðgerða. Í því efni blasir við að rík nauðsyn er á að endurnýja og auka við fjárfestingar í innviðum. Mikil verkefni blasa við t.d. í samgöngumálum og heilbrigðismálum.

Annar minni hluti telur að fjalla ætti meira um stöðu og afkomu ríkissjóðs í frumvarpinu út frá því hvar við erum stödd í hagsveiflunni. Auk þess mætti fjalla nánar um framlag slakans í ríkifjármálum til landsframleiðslu á næsta ári. Hver verða t.d. áhrif skattalækkana og fjárfestinga þegar kemur að landsframleiðslunni?

Þegar fjárlagafrumvarpið er lesið sést að ekki er gert ráð fyrir neinum afgangi á árinu 2020. Þvert á móti verður ríkissjóður rekinn með halla og endurspeglar sú staðreynd breytingar á efnahagshorfum á liðnum misserum.

Það skiptir máli á óvissutímum sem þessum að skuldastaða ríkissjóðs sé góð. Áhersla stjórnvalda á niðurgreiðslu skulda síðustu ár mun reynast mikilvæg og góð ráðstöfun. Þessi staða gerir betur kleift að bregðast við óvissum horfum.

Miklu skiptir hver þróunin verður á útflutningstekjum þjóðarinnar. Undanfarin ár hefur þjóðin notið uppgangs í ferðaþjónustu, greinin hefur orðið burðarás í atvinnulífi landsmanna og mikilvæg uppspretta gjaldeyrstekna. Áberandi er að framvinda í ferðaþjónustu er meðal helstu óvissuþátta fjárlagafrumvarpsins enda hafa horfur í ferðaþjónustu veruleg áhrif á efnahagsforsendur frumvarpsins. Það vekur því óneitanlega athygli að framlög til ferðaþjónustu í frumvarpinu lækka að raungildi um 292 millj. kr. eða 12,8% frá fjárlögum ársins 2019.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands hefur verðbólga verið um eða yfir 3% frá því í vor en í október mældist hún 2,8%. Undirliggjandi verðbólga hefur hins vegar verið þrálátari. Að dómi bankans eru horfur eru á að verðbólga hjaðni hraðar en spáð var í ágúst og að hún verði komin í markmið undir lok þessa árs.

Áætlað er að ríkisfyrirtæki og sjóðir í B-hluta ásamt Landsvirkjun muni greiða 91,3 milljarða kr. í afborgunum af lánum á næsta ári. Þetta er 45,6 milljarða kr. aukning eða um tvöföldun frá áætluðum afborgunum 2019.

Sem fyrr er stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR. B-deild LSR og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga tryggja sjóðfélögum réttindi sem eru verðmætari en iðgjald það sem sjóðfélagar og vinnuveitendur greiða í sjóðinn á hverjum tíma. Mismunurinn á áunnum réttindum og eignum B-deild LSR er tryggður með bakábyrgð ríkissjóðs og hjá LSR með bakábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda. Bakábyrgðaraðilar munu þurfa að leggja þessum sjóðum til fjármagn á næstu áratugum eftir því sem lög um lífeyrissjóðina kveða á um til þess að tryggja að sjóðirnir geti staðið undir greiðslu lífeyris. Mikilvægt er grannt sé fylgst með þessu þannig að sýnt sé að framlög í sjóðinn dugi til að halda jafnvægi.

Miðflokkurinn leggur áherslu á að stjórnvöld beiti sér fyrir því að skapa forsendur fyrir öflugu atvinnulífi, hagsæld og almennri velmegun. Skattastefna ríkisstjórnarinnar á að fela í sér hvata til að fjölga starfsfólki og bæta kjör þess og skapa skilyrði fyrir nýsköpun og endurnýjun á tækjum og búnaði og fjárfestingum í atvinnulífinu. Í þessu sambandi leggur Miðflokkurinn þunga áherslu á að einfalda stjórnkerfið og létta bákninu af atvinnufyrirtækjum og heimilum landsmanna. Gera verður kröfu um eðlilega skilvirkni og hagræðingu í allri starfsemi hins opinbera.

**Breytingartillögur Miðflokksins.**

Hér á eftir má sjá yfirlit yfir breytingartillögur Miðflokksins við fjárlagafrumvarpið. Tillögurnar eru fullfjármagnaðar og auka ekki á halla ríkissjóðs.

Skýring	Gjöld	Tekjur
Almenn löggæsla	300,0	
Fjölmíðlanefnd, styrkur felldur niður		400,0
Geðheilbrigðismál LSH	100,0	
Hagræðing ráðuneyta		1.100,0
Hagræðingarkrafa á sameiningu Seðlabanka Íslands og FME		350,0
Heilsuefling aldraðra	30,0	
Hjúkrunarheimili, vegna rekstrarvanda	800,0	
Kolefnisgjald, fallið frá 10% hækkun gjaldsins	375,0	
Landsbankalóð á Hafnartorgi seld		2.000,0
Meðhöndlun úrgangs að undanskildu plasti		200,0
Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni	250,0	
Skógrækt, kolefnisjöfnun	30,0	
Stjórnarráðsbygging, frestun framkvæmda		550,0
Tollgæsla, fíkniefnaeftirlit, örugg landamæri	250,0	
Tryggingagjald, lækkun um 0,25%	2.000,0	
Útleiga umhverfismála bíla-fallið frá vsk afslætti		60,0
Öryrkjar - stuðningsstörf	200,0	
Hækkun á frítekjumarki öryrkja	325,0	
Afnám á skerðingum lífeyrisgreiðslna vegna atvinnutekna	0,0	0,0
Samtals:	4.660,0	4.660,0

**Hagræðing í ríkisrekstri engin – bætt í ríkisbáknið og regluverk.**

Ráðdeild og skilvirkni á ávallt að ríkja við meðferð almannafjár. Fjárlagafrumvarpið ber þess merki að það er ekki ofarlega á verkefnalista ríkisstjórnarinnar að vinda ofan af ríkisbákninu. Þar fer fremstur í flokki Sjálfstæðisflokkurinn sem reglulega hefur hrópaði hátt fyrir kosningar „báknið burt“. Þegar flokkurinn kemst síðan til valda heldur báknið áfram að vaxa. „Við þurfum að taka rækilega til í ríkisfjármálunum og minnka ríkisbáknið,“ sagði fjármálaráðherra árið 2010. Nú leggur ráðherra fram fjárlagfrumvarp þar sem enn er bætt í ríkisbáknið. Ríkisbáknið hefur þanist út í tíð þessarar ríkisstjórnar og engar tilraunir hafa verið gerðar til þess að draga úr ríkisumsvifum. Er það þvert á það sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur boðað fyrir hverjar kosningar. Hækkun á fjárveitingum til forsætisráðuneytisins frá árinu 2018 nemur 876 millj. kr. Hækkun til stjórnarsýslu umhverfismála frá árinu 2018 nemur 1.218 millj. kr. sem er hækkun upp á 35%. Hækkun milli áranna 2019 og 2020 er 572 millj. kr., svo dæmi séu tekin.

Ljóst er að ráðuneytin, í umboði ríkisstjórnar, hafa vanrækt það hlutverk sitt að meta áhrif frumvarpa á reglubyrði atvinnulífsins. Mjög takmörkuð vinna hefur farið fram við það að skoða gildandi löggjöf og hvernig megi einfalda hana, létta reglubyrðina og draga úr samkeppnishömlum. Hér er um brýnt málefni að ræða. Mikið af regluverki kemur frá Evrópusambandinu í gegnum EES-samningin. Greinilegt er að við samningu frumvarpa til að innleiða EES-reglur nýta ráðuneytin iðulega ekki það svigrúm sem Ísland hefur til að létta

reglubyrðina heldur bæta þvert á móti við séríslenskum íþyngjandi reglum. Rannsóknir hafa sýnt að þetta hefur verið gert í þriðjungi tilvika þegar ný EES-löggjöf var innleidd. Félag atvinnurekenda hefur bent á fjölda dæma um þetta. Það á að vera á stefnuskrá hversrar ríkisstjórnar að einfalda regluverk. Ár eftir ár vex umgjörð stjórnkerfisins á Íslandi og kostnaðurinn sem því fylgir. Sá kostnaður er greiddur af skattgreiðendum. Brýnt er að draga úr íþyngjandi regluverki og minnka báknið.

Ekki hefur verið mikil hagræðingarkrafa innan stjórnarráðsins á síðustu árum. Það er orðið löngu tímabært að ráðast í uppstokkun á opinbera kerfinu og draga úr umsvifum hins opinbera. Það er auk þess óskynsamlegt að bæta enn í ríkisbáknið þar sem erfitt og sársaukafullt getur reynst að vinda ofan af útgjaldaaukningu ef tekjuforsendur ríkisins breytast. Forgangsraða þarf betur í ríkisfjármálunum. Sameining Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, svo dæmi sé tekið, á að fela í sér hagræðingu. Athygli vakti þegar sameiningaráformin voru kynnt að þess var sérstaklega getið að ekki stæði til að fækka starfsmönnum. Þetta er röng nálgun. Sameining á að fela í sér sparnað fyrir skattgreiðendum. Laun í ráðuneytunum hafa auk þess hækkað mikið á undanförunum misserum og eru þau há miðað við einkageirann. Hækkanir á fjárveitingum til ríkisstofnana umfram almennar verðlags- hækkanir eru regla fremur en undantekning. Ríkisreksturinn verður því stöðugt dýrari skattgreiðendum. Þannig er síaukinn kostnaður vegna eftirlitsstofnana ríkisins. Í frumvarpinu eru aðhaldskröfur til ríkisstofnana litlar. Sjálfstæðisflokkurinn, sem nú fer fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytinu, hefur öll tök á því að taka hér til hendinni eins og hann hefur margoft predikað. Þess í stað bætir hann í ríkisbáknið sem aldrei fyrr.

Það sætir tíðindum að þegar ríkisstofnanir eru sameinaðar skuli engin einasta hagræðingarkrafa vera gerð af hálfu ríkisstjórnarinnar. Gott dæmi um þetta er sameining Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans eins og fyrr segir. Stjórnvöld verða að horfa til þeirra tækifæra sem skapast til hagræðingar við sameiningu þessara tveggja stofnana. Ein af ástæðum fyrir sameininguni er það óhagræði sem hlýst af núverandi fyrirkomulag. Skýr tækifæri eru til samnýtingar krafta beggja stofnana og tækifæri til hagræðingar án þess að það bitni á gæðum. Að auki er ástæða til að gera óháða úttekt á rekstri Fjármálaeftirlitsins vegna sameiningar við Seðlabankann. Margt er óljóst sem snýr að sameiningunni. Eftirlitsgjaldið sem fjármálafyrirtæki greiða FME nemur um 2,3 milljörðum kr. árlega og hefur hækkað mikið undanfarin ár. Fjármálafyrirtæki hafa síaukinn kostnað af gagnavinnslu og gagnaskilum eftirlitsaðila. Hægt ætti að vera að hagræða í rekstri FME og Seðlabankans með sameiningu stöðdeilda og samræmingu gagnaskil milli stofnananna.

Þá hefur sagan sýnt að útgjöld ríkisins hafa tilhneigingu til að aukast við sameiningu stofnana og eru fyrirhugað áform um stækkun á húsnæði Seðlabankans vegna sameiningarinnar gott dæmi. 2. minni hluti leggur fram breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að gerð verði 15% hagræðingarkrafa af hálfu ríkisins við sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Það ætti að spara ríkissjóði um 350 millj. kr. árlega. Ísland er smáríki og því er enn mikilvægara hér á landi en víðast annars staðar að líta til hagræðingar á sem flestum sviðum.

### **Krafa um hagræðingu í rekstri allra ráðuneyta.**

Miðflokkurinn flytur breytingartillögu við fjármálafrumvarpið fyrir árið 2020 sem miðar að því að draga úr ríkisbákninu og gera kröfu um hagræðingu í rekstri allra ráðuneyta um sem nemur 10,6%. Hagræðingin mun skila ríkissjóði sparnaði upp á 1,1 milljarð kr.

Hér á eftir er tafla sem sýnir þá hagræðingarkröfu sem Miðflokkurinn gerir á öll ráðuneyti í breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið.

	Breyting		Verður
	Frumvarp 2020	Hag- ræðingar- krafa	Til ráð- stöfunar
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, aðalskrifstofa	1.168,0	-123,8	1.044,2
Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	665,4	-70,5	594,9
Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	742,1	-78,6	663,5
Fjármála- og efnahagsráðuneyti, aðalskrifstofa	1.429,5	-151,5	1.278,0
Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	931,9	-98,7	833,2
Heilbrigðisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.240,0	-131,4	1.108,6
Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	1.160,9	-123,0	1.037,9
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, aðalskrifstofa	699,9	-74,2	625,7
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, aðalskrifstofa	752,5	-79,7	672,8
Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	1.591,5	-168,6	1.422,9
Samtals:	10.381,7	-1.100,0	9.281,7

### Frekari lækkun tryggingagjalds nauðsynleg og skynsamleg.

Horfur á vinnumarkaði hafa versnað eftir því sem liðið hefur á árið og útlitið fyrir að svo verði áfram. Um 7.000 manns eru nú án atvinnu samkvæmt skráningu Vinnumálastofnunar og hefur þeim fjölgað um rúmlega 2.700 frá sama tíma í fyrra. Hátt í 1.000 manns hafa misst vinnuna í hópuppsögnum það sem af er ári auk þeirra 1.100 sem misstu vinnuna við fall WOW air.

Stjórnvöld eiga ávallt að leitast við að styrkja starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja, sér í lagi nú þegar efnahagsumhverfið blæs minni byr í seglin. Styðja þarf íslensk fyrirtæki við að mæta hækkandi launakostnaði á komandi árum og sporna gegn fækkun starfa.

Skattheimta á íslensk fyrirtæki er há í alþjóðlegum samanburði og nú sú næsthæsta á Norðurlöndunum á eftir Noregi. Skattar á fyrirtæki voru hækkaðir eftir efnahagshrunið 2008 í þeirri viðleitni að loka fjárlagagatinu. Skattabreytingar þessar hafa hins vegar verið að festast í sessi síðan. Mikil tregða hefur verið hjá ríkisvaldinu að lækka tryggingagjaldið en það er einn stærsti tekjustofn ríkissjóðs en samkvæmt frumvarpinu mun það skila 11% af skatttekjum ríkissjóðs á næsta ári.

Hátt tryggingagjald kemur verst niður á fyrirtækjum þar sem laun og launatengd gjöld eru stór hluti kostnaðar. Hátt tryggingagjald veikir samkeppnishæfni þessara fyrirtækja mest. Bætt samkeppnishæfni Íslands er mjög mikilvæg og sérstaklega nú þegar hægt hefur hratt á efnahagslífinu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er sérstaklega lögð áhersla á lækkun tryggingagjaldsins en hún er hins vegar ekki nægileg að mati 2. minni hluta en um það hafa m.a. Samtök iðnaðarins ályktað.

Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum hefur versnað á undanförunum árum vegna innlendra kostnaðarhækkana mældra í erlendri mynt. Sú þróun er nú sýnileg í minni verðmætasköpun útflutningsgreina og þeirra fyrirtækja á innlendum markaði sem keppa við erlend fyrirtæki.

Fyrir efnahagshrunið árið 2008 var tryggingagjaldið 5,34% en var hækkað í 8,65% í kjölfar þess. Hækkunin var hugsuð sem tímabundin aðgerð til að standa straum af stórauðnum útgjöldum vegna skyndilegs atvinnuleysis. Forsendurnar fyrir hækkuninni og þau rök sem þá voru notuð til að hækka gjaldið eiga ekki lengur við þar sem atvinnuleysi hefur verið

lítið í langan tíma. Atvinnuleysi mældist 3,7% í september og hafði þá lækkað frá mánuðinum á undan. ASÍ hefur stutt að mikilvægt sé að skila hækkun tryggingagjaldsins til baka.

Það sætir nokkurri undrun hversu treg stjórnvöld hafa verið til að lækka tryggingagjaldið. Staðreyndin er hins vegar sú að tryggingagjaldið hefur í vaxandi mæli verið notað til að fjármagna önnur útgjöld ríkissjóðs en því var ætlað. Eigi lækkunin að þjóna þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi á vinnumarkaði og að launahækkunar á næsta ári leiði síður til verðbólgu þarf hún að vera meiri en 0,25%.

Gjaldið er reiknað sem hlutfall af þeim launum sem fyrirtækið greiðir til starfsmanna sinna. Því fleiri krónur sem fyrirtækið greiðir í laun þeim mun hærri fjárhæð þarf það að greiða í tryggingagjald. Því hærri sem tryggingagjaldsprósentan er þeim mun dýrari er hver starfsmaður fyrir fyrirtækið sitt. Því hærri sem prósentan er þeim mun minni launahækkunum getur fyrirtækið staðið undir. Gjaldið dregur úr getu fyrirtækja til að fjárfesta og búa til störf. Vaxtarmöguleikar einkafyrirtækja eru því hindraðir með háu tryggingagjaldi.

Annar minni hluti flytur breytingartillögu við frumvarpið um að tryggingagjaldshlutfallið lækki um 0,25% á næsta ári til viðbótar við þá 0,25% lækkun sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Með samþykkt breytingartillögunnar mun gjaldið þá lækka úr 6,35% í 6,10%.

Eðlilegt er að miða við að þessi skattheimta verði ekki meiri en hún var fyrir hrún þegar atvinnustigið var sambærilegt og nú. Þrátt fyrir það vantar enn upp á að tryggingagjaldið sé sama hlutfall af launagreiðslum fyrirtækja og það var fyrir fjármálahrunið.

Tekjuáhrif af lækkun tryggingagjalds um 0,25% á næsta ári til viðbótar við fyrirhugaða lækkun samkvæmt frumvarpinu eru neikvæð fyrir ríkissjóð um 2 milljarða kr. Breytingartillaga 2. minni hluta gerir ráð fyrir því að þessu verði mætt með sölu byggingalóðar Landsbankans við Austurhöfn. Áætlað söluandvirði lóðarinnar er 2.000 millj. kr. en Landsbankinn keypti lóðina árið 2014 fyrir 957 millj. kr. Söluandvirðið renni í ríkissjóð en ríkissjóður á 98,2% hlut í bankanum. Einnig er gert ráð fyrir því í tillögu 2. minni hluta að framkvæmdum við viðbyggingu Stjórnarráðshússins verði frestað. Það mun hafa í för með sér 550 millj. kr. til ráðstöfunar. Lækkun tryggingagjaldsins gerir fyrirtækjum auðveldara að ráða nýtt starfsfólk og að gera betur við það sem fyrir er, sem eykur síðan skatttekjur ríkissjóðs. Ávinningurinn af verulegri lækkun gjaldsins er mikill og ekki síst nú þegar spár gera ráð fyrir auknu atvinnuleysi.

### **Hjúkrunarheimilin – fyrirheit ríkisstjórnar orðin tóm.**

Hjúkrunarheimilin eru ein af mikilvægustu grunnstoðum íslenska velferðarkerfisins. Ríkisstjórnin hefur ekki staðið við þau áform í stjórnarsáttmálanum að styrkja rekstargrunn hjúkrunarheimila og dagþjálfun. Á þeim tveimur árum sem ríkisstjórnin hefur setið við völd hefur hún stöðugt skert framlög til reksturs hjúkrunarheimila.

Ríkisendurskoðun hefur bent á að rekstur hjúkrunarheimila sé almennt mjög þungur og hefur róðurinn þungst ár frá ári í samræmi við fjárhagsskerðingar ríkisstjórnarinnar. Ramma-samningur hjúkrunarheimilanna og Sjúkratrygginga Íslands rann út í árslok 2018 þegar Sjúkratryggingar breyttu aðferðafræði sinni við útgreiðslu fjármagns. Það er ámælisvert að ákvörðun Sjúkratrygginga var tekin einhliða og án viðræðna við hjúkrunarheimilin, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eða Samband íslenskra sveitarfélaga.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2020–2024 kemur fram að stærsta verkefni ríkissjóðs í tengslum við málefna svið hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu sé áttak sem felist í fjölgun hjúkrunarrýma, bæði með endurgerð eldri rýma og byggingu nýrra, m.a. með byggingu hjúkrunarheimila. Hér er um að ræða rúmlega 900 rými í heild. Stjórnvöld hafa boðað að 717 rými verði byggð til ársins 2024 þegar áætlað er að þau verði orðin 3.433 í heild sem

er 26% aukning frá árinu 2018. Á sama tíma gerir ríkisstjórnin ráð fyrir aðeins 6% auknu fjármagni til reksturs málefnasviðsins. Ljóst er að í fjármálaáætluninni hefur lítið tillit verið tekið til byggingar eða reksturs nýju hjúkrunarrýmanna. Ekki er nóg að byggja ný hjúkrunarheimili, það verður líka að tryggja forsvaranlegar rekstrarforsendur fyrir heimilin til þess að þau geti sinnt hlutverki sínu. Nauðsynlegt er að fara alvarlega ofan í saumana á fjárhagsgrunni hjúkrunarheimilanna og rýna betur skýrslur Ríkisendurskoðunar um málefnasviðið.

Illa gengur að manna stöður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á hjúkrunarheimilum. Formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir alvarlegan skort á sjúkraliðum á hjúkrunarheimilum. Það hefur gert að verkum að nauðsynlegt hefur verið að vísa frá einstaklingum með mikla þjónustuþörf þar sem ekki fæst heilbrigðisfólk til starfa. Ástæða þess að illa gengur að manna stöður er m.a. sú að hjúkrunarheimili landsins hafa setið eftir hvað varðar fjárveitingar til þjónustunnar undanfarin ár. Nauðsynleg styrking á rekstrarfé hefur orðið hjá spítölum, heilbrigðisstofnunum og heilsugæslu en skorið hefur verið niður hjá hjúkrunarheimilum.

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa ítrekað bent á að nauðsynlegt sé að styrkja rekstur hjúkrunar-, dvalar-, dagdvalar- og endurhæfingarrýma. Rekstur hjúkrunarheimila á landsbyggðinni er afar þungur. Það kemur m.a. til af því að ómögulegt er að ná fram þeirri stærðarhagkvæmni sem næst með þeim fjölda rúma sem alla jafna þekktist á höfuðborgarsvæðinu.

Trúverðugt samtal verður að fara fram milli fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins, Sjúkratrygginga Íslands, öldrunarstofnana og sveitarfélaga. Forsenda árangurs og breiðari sáttar um málaflökkinn er stóraukið samráð og skilningur á eðli reksturs hjúkrunarheimila. Þetta kemur m.a. fram í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. 2. minni hluti tekur mjög brýnt að mæta þeim rekstrarerfiðleikum sem ríkja í þessum mikilvæga málaflökki og leggur fram breytingartillögu við frumvarpið um sérstakt viðbótarframlag upp á 800 millj. kr. til hjúkrunarheimila til að bæta brýnan rekstarvanda hjúkrunarheimilanna.

### **Nýir skattar draga úr boðaðri skattalækkun.**

Áformaðar eru verulegar breytingar á tekjuskattskerfi einstaklinga til að mæta loforðum stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sl. vor, þ.e. að taka upp þriggja þrepa tekjuskattskerfi með nýju lágtekjuþrepi sem taka skal gildi í tveimur áföngum á árunum 2020 og 2021. Þannig er áætlað að þriðjungur breytinganna taki gildi á árinu 2020 og tveir þriðju árið 2021. Gert ráð fyrir að þessar aðgerðir auki ráðstöfunartekjur þeirra tekjulægstu um 10 þús. kr. á mánuði. Á sama tíma er lagt til að skerðingarmörk barnabóta hækki í 325 þús. kr. á mánuði sem kemur þá væntanlega verst niður á tekjulægsta hópnum. Ýmsar skattahækkningar er að finna í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir hækkingum vörugjalds af bensíni og dísilolíu um 2,5%. Bifreiðagjald hækkar, áfengi og tóbak, útvarpsgjald hækkar um 2,5%. Gjald í framkvæmdasjóð aldraða hækkar. Úrvinnslugjald hækkar um 2,5%. Nýr skattur, urðunarskattur, mun kosta heimilin í landinu 6 þús. kr. á næsta ári og 12 þús. kr. árlega þegar hann er að fullu komin til framkvæmda. Kolefnisgjaldið mun hækka um 10% á næsta ári sem mun þýða hækkingu á bensín og dísilolíu. Ríkisstjórnin er því að hækka ýmsa skatta og gjöld sem dregur úr áður nefndri skattalækkun. Nettóskattlækkun til almennings er því töluvert lægri en ríkisstjórnin hefur boðað.

Nýtt þriggja þrepa skattkerfi gengur þvert á stefnu Sjálfstæðisflokksins um að einfalda skattkerfið. Fjármála- og efnahagsráðherra Sjálfstæðisflokksins hefur áður sagt að þrjú skattþrep væri mjög óheppilegt fyrirkomulag og til þess fallið að flækja skattkerfið.

Á þessu ári er áætlað að árlegar tekjur ríkissjóðs af nýjum sköttum og skattahækkunum verði ríflega 115 milljarðar kr. en það samsvarar um 15% af heildarskatttekjum ríkisins. Þrátt fyrir boðaðar skattalækkningar standa því eftir 97 milljarðar kr. í aukna skattheimtu frá síðustu niðursveiflu sem heimili og fyrirtæki standa enn undir.

Verði fjármögnun nýrra samgönguframkvæmda gerð með sérstakri gjaldtöku á einstökum vegum eða notendagjöldum eins og komið hefur til tals af hálfu ríkistjórnarinnar er í eðli sínu um hækkun skatta á einstaklinga að ræða og dregur þar með úr ráðstöfunartekjum. Verði áformin að veruleika í tengslum við nýja samgönguáætlun er ljóst að boðuð skattalækkun verður engin þegar upp er staðið.

Ísland er háskattaríki í alþjóðlegum samanburði. Skattahækkningar fyrri ára standa að mestu óhreyfðar. Það ætti að vera forgangsmál að draga til baka þær skattahækkningar sem gripið var til í kjölfar bankahrunsins. Ríkisstjórnin hefur hækkað fjármagnstekjuskatt en um leið lofað að endurskoða skattstofninn. Hvergi er minnst á slíka endurskoðun í fjárlagafrumvarpinu. Þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp var lágt skatthlutfall rökstutt með breiðum skattstofni. Nú er skattstofninn enn breiður en skatthlutfallið hefur tvöfaldast. Miðflokkurinn leggur áherslu á að nú þegar skuldir ríkisins lækka hratt sé ráðrúm til að huga að lækkun skatta á fólk og fyrirtæki í landinu en ekki stækka ríkisbáknið eins og ríkistjórnin er sérstaklega áhugasöm um. Lækkun skatta er skynsamleg ráðstöfun þegar hagkerfið er í niðursveiflu. Skattar á Íslandi eru með þeim hæstu í heimi þegar lífeyrisgreiðslur eru teknar með í reikninginn. Það er löngu orðið tímabært að draga úr álögum á almenning og fyrirtæki og leysa þannig úr læðingi aukna verðmætasköpun. Það gagnast samfélaginu öllu að leyfa fólk og fyrirtækjum í auknum mæli að ráðstafa eigin tekjum. Á sama tíma þurfa ríki og sveitarfélög að fara betur með það almannafé sem þau taka til sín.

### **Stefnulaus kolefnisskattur – ekki jafnað niður á landsmenn á sanngjarnan hátt.**

Náttúruvernd og önnur umhverfisvernd eru á meðal mikilvægustu viðfangsefna samtímans. Viðbrögð stjórnvalda hafa hins vegar ekki verið í samræmi við það. Þau hafa allt of oft byggst á gagnslausri og jafnvel skaðlegri sýndarmennsku sem t.d. birtist í nýjum sköttum án þess að þeim fylgi markmið eða aðferðir við að meta árangur af þeim.

Kolefnisgjald er nýr skattur á Íslandi. Í frumvarpinu kemur fram að tekjur af kolefnisgjaldi séu áætlaðar 6,3 milljarðar kr. árið 2020. Gjaldið hefur nú þegar hækkað um 65% á mjög skömmum tíma eða tveimur árum. Þá mun kolefnisgjaldið hækka um 10% á næsta ári, til viðbótar við 65% hækkun sem hefur orðið frá árinu 2017. Tekið saman mun því kolefnisgjaldið hækka um 82% frá árinu 2017 gangi áform stjórnvalda eftir fyrir árið 2020.

Í því samhengi ber einnig að hafa í huga að stjórnvöld áætla að ríkissjóður fái um 4,8 milljarð kr. í tekjur við sölu losunarheimilda í viðskiptakerfi ESB (ETS-kerfi), en flugfélög, álver, kísilver og orkufyrirtækin greiða fyrir losunarheimildir sínar á hverju ári. Víða erlendis eru tekjur stjórnvalda af slíkum losunarheimildum nýttar til aðgerða í loftlagsmálum, ekki verður séð að það sé gert hér á landi. Þvert á móti virðist eini tilgangur sölunnar vera sá að draga úr halla ríkissjóðs.

Tekjur ríkisins af kolefnisskatti eru ekki eyrnamerktaðar aðgerðum í loftlagsmálum með beinum hætti og aðeins hluti þeirra rennur þangað. Að mati 2. minni hluta er hækkun gjaldsins úr öllu hófi. Gert er ráð fyrir enn frekari hækkun, eða 10%, á næsta ári og er áætlað að það skili ríkissjóði 375 millj. kr. í tekjur að meðtöldum hliðarárifum á virðisaukaskatt. Kolefnisgjaldið nemur nú um 11 kr. á hvern lítra af bensíni og 12,6 kr. á dísilolíu. Þessar auknu álögur á eldsneyti bitna sérstaklega á fólk á landsbyggðinni. Færa má rök fyrir því að með kolefnisgjaldinu sé verið að skattleggja landsbyggðafólk umfram aðra enda er rafbíla-

væðingin mun auðveldari á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni þar sem innviðir eins og hleðslustöðvar eru mun fleiri á höfuðborgarsvæðinu. Engu að síður hafa rafbílaeigendur kvartað yfir því að innviðir fyrir rafbíla séu engan veginn fullnægjandi í höfuðborginni, hvað þá á landsbyggðinni. Innviðauppbygging er einfaldlega of skammt á veg komin. Auk þess nota íbúar á landsbyggðinni í mun ríkari mæli bifreiðar knúnar með jarðefnaeldsneyti, aka meira vegna fjarlægða og kaupa því meira eldsneyti.

Eðlilegt er að samfara hækkun kolefnisgjalds lækki gjöld og skattar á umhverfisvæna starfsemi samsvarandi, ef markmiðið er það eitt að draga úr mengun. Svo er þó ekki. Meginmarkmið kolefnisgjaldsins er að hvetja bæði heimili og fyrirtæki til þess að draga úr losun með því að skipta yfir í hreinni orku. Í fyrsta lagi er það alls ekki á færi allra að skipta yfir í rafmagnsbifreið og í öðru lagi henta rafmagnsbifreiðar síður á landsbyggðinni enn sem komið er. Lýtur það fyrst og fremst að drægni bifreiðanna og fjölda hleðslustöðva. Kolefnisgjaldið leggst því með öðrum hætti á íbúa höfuðborgarsvæðisins annars vegar og íbúa landsbyggðarinnar hins vegar. Það er því í raun munur á gjaldheimtu milli þessara hópa. Þannig bitnar skatturinn hlutfallslega verst á þeim tekjulægri og íbúum landsbyggðarinnar. Hvatning til orkuskipta er góðra gjalda verð en hún verður að vera í takti við raunveruleikann.

Orkuskipti fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, ýmsan iðnað og atvinnutæki er ekki raunhæfur kostur sem stendur. Kolefnisskatturinn hefur bein efnahagsleg áhrif á hagkerfið. Án nokkurra mótvægisáðgerða dregur skatturinn þrótt úr hagkerfinu og minnkar samkeppnishæfni fyrirtækja. Hugmyndafræðin má teljast göfug en stjórnvöld verða að ígrunda vel tilgang, forsendur og markmið með skattheimtunni, sérstaklega hverja er verið að skattleggja og hverja ekki. Markmiðið með gjaldinu er að draga úr losun án þess að grafa undan samkeppnishæfni atvinnulífs og ætti það sama að gilda hér á landi. Í öðrum löndum hafa því aðrir skatta verið lækkaðir á móti gjaldinu eða undanþágur gefnar frá öðrum sköttum. Ísland er t.d. eina ríkið í Evrópu þar sem fiskiskipafлотinn nýtur enngar undanþágu eða styrkja hvað varðar eldsneytis-skatta. Þetta minnkar samkeppnishæfnina enn frekar.

Hagstofa Íslands hefur gert rannsóknir á útgjöldum heimilanna og þar kemur fram að eldsneytisnotkun er þónokkuð meiri í dreifbýli en þéttbýli. Munurinn endurspeglar þá staðreynd að íbúar landsbyggðarinnar þurfa jafnan að ferðast um lengri veg. Fjármála- og efnahagsráðherra hefur viðurkennt að áhrif kolefnisgjaldsins séu meiri á íbúa í dreifbýli. Þetta kemur fram í svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi. Kolefnisgjaldið er því í raun hefðbundin skattahækkun á fólk og fyrirtæki þar sem skattlagningin kemur þyngra niður á landsbyggðinni. Þessari nýju skattbyrði er því ekki jafnað niður á landsmenn á sanngjarnan hátt. Við þetta má bæta að umhverfisráðherra hefur sagt að erfitt sé að meta nákvæmlega árangur af gjaldinu, mælt í minni losun en ella hefði verið, hefði gjaldið ekki verið sett á. Þetta kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi og staðfest af umhverfisráðuneytinu á fundi með fjárlaganefnd.

Engar aðgerðir eru boðaðar í frumvörpum tengdum fjárlagafrumvarpinu, sem koma til móts við íbúa á landsbyggðinni vegna gjaldsins. Auk þess er ekki að sjá að ívilna eigi umhverfisvænni starfsemi eða að aðrir skattar verði lækkaðir til mótvægis. Breytingar á kolefnisgjaldi er skattahækkun, sett í búning græns skatts. Eðlilegt væri þá að lækka gjöld á aðra umhverfisvænni þætti. Horfa verður til annarra landa í þessum efnum. Í Danmörku fóru stjórnvöld t.d. of geist af stað þegar þau hækkuðu skatta vegna umhverfismála á fyrirtæki. Í Noregi er kolefnisgjald lægra en á Íslandi og að hluta til endurgreitt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Kolefnisgjaldið má ekki auka kostnað íslenskra fyrirtækja umfram það sem erlendir samkeppnisaðilar búa við. Slíkt dregur úr samkeppnishæfni, rýrir afkomu íslensku

fyrirtækjanna og þar með svigrúm til fjárfestinga. Um leið dregur úr líkunum á því að markmiðinu með gjaldinu verði náð.

Það sem minnkar samkeppnishæfnina enn frekar er að aðilar sem ekki eru virðisaukaskattskyldir hér á landi eru undanþegnir kolefnisgjaldinu. Þannig þurfa erlend skip sem taka olíu hér á landi ekki að greiða gjaldið en í sumum tilvikum eru þau við veiðar á sömu veiðislóð og þau íslensku. Hvorki erlend fiskiskip, skemmtiferðaskip né flutningaskip greiða kolefnisgjald við eldsneytistöku hér á landi og ekkert kolefnisgjald er greitt af flugvélaeldsneyti hérlendis í ríkissjóð.

Þótt tækniframþróun sé hröð í þessum efnium er það ekki svo að hægt sé að fá stærri ökutæki, vinnuvélar og sum iðnaðartæki þannig að þau nýti endurnýjanlega orkugjafa. Það á t.d. við í jarðvinnugeiranum og landbúnaði. Orkuskipti er því ekki raunhæfur kostur sem stendur, sér í lagi fyrir iðnað og atvinnutæki sem nota svokallaða litaða olíu og möguleikar slíkra aðila til orkuskipta eru hverfandi.

Kolefnisgjaldið er skattur sem leggst með mismunandi hætti á atvinnugreinar og eðlilegt að gerð sé krafa um að til sé heildstæð stefna í málaflokknum áður en lengra er haldið. Það vekur sérstaka athygli að ekki virðist vera haldið nákvæmt bókhald yfir framlög ríkisins til mótvægis við skattlagninguna til verkefna sem m.a. tengjast samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda eða bættra loftgæða almennt. Sjálfsögð og eðlileg krafa er að stjórnvöld birti opinberlega áætlanir sínar um ráðstöfun kolefnisgjaldsins.

Miðflokkurinn leggur því til að boðuð hækkun kolefnisgjaldsins í fjárlagafrumvarpinu um 10% komi ekki til framkvæmda þar til heildstæð stefna liggur fyrir um hvernig ætlunin er að nota kolefnisgjöld í baráttunni við loftlagsbreytingar, án þess að þær bitni á landsbyggðinni eða samkeppnishæfni atvinnugreina og dragi þróttinn úr hagkerfinu. Lækkunin á kolefnisgjaldinu mun draga úr verðbólguþrýstingi með lækkun á verði eldsneytis.

### **Atvinnutekjur eldri borgara skerði ekki lífeyrisgreiðslur.**

Kjör eldri borgara og annarra sem reiða sig á lífeyrisgreiðslur þarf að bæta. Jafnframt þarf að koma á sveigjanlegum starfslokum án skerðingar ellilífeyristekna og að lífeyrir tryggi lágmarksalaun. Löngu er ljóst að skerðingar á bótum almannatrygginga fara fram úr öllu hófi. Þetta fyrirkomulag er í senn fallið til að letja eldra fólk til að bæta hag sinn með aukinni vinnu í krafti eðlilegrar sjálfsbjargarviðleitni og að hvetja til svartrar atvinnustarfsemi. Fyrir einstakling með atvinnutekjur hefjast skerðingar bóta almannatrygginga við 100 þús. kr. á mánuði. Þessi tala er allt of naumlega skömmtuð. Gjalda ber varhuga við aðgerðum sem vinna gegn sjálfsagðri sjálfsbjargarviðleitni fólks til að bæta hag sinn. Vel er þekkt að málið snýr að lýðheilsu og félagslegum þáttum þar sem fólk gefst kostur á virkri þátttöku í atvinnulífi og samfélagi. Af hálfu fjármálaráðuneytis hefur verið haldið fram að kostnaður ríkissjóðs við að slaka á klónni í þessu efni sé milljarðar króna. Þær fullyrðingar styðjast ekki við gildan rökstuðning. Fyrir liggja útreikningar um fjárhagslega stöðu aldraða sem unnir voru fyrir Félag eldri borgara í nóvember 2017. Þar er ítarlega rökstutt að kostnaður ríkissjóðs af því að fella brott þetta 100 þús. kr. viðmið sé ekki svo mikið sem ein króna. Skýrsluhöfundur dregur fram að beinir skattar auk veltuskatta vegi upp hugsanlegan kostnað af því að fella brott 100 þús. kr. frítekjumarkið. Þar við bætist samfélagsleg áhrif sem felast í þátttöku á vinnumarkaði og virkni í samfélaginu en slíkt er talið hafa ótvírætt gildi í lýðheilsulegu tilliti. Við þetta bætist að lífeyrir almannatrygginga er skertur vegna greiðslna úr lífeyrisjóðum.

Eldri borgarar og aðrir sem reiða sig á lífeyrisgreiðslur bíða enn eftir réttlætinu sem þeim var lofað fyrir áratug um að skerða ekki lífeyrisgreiðslur og flestir flokkar lofuðu einnig fyrir

seinustu Alþingiskosningar. Skerðingar og aðrir neikvæðir hvatar hafa mikil og óæskileg áhrif á sjálfsbjargarhvöt fólks. Óeðlilegar skerðingar hafa einnig neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks.

Miðflokkurinn leggur áherslu á að fast verði tekið á skerðingum bóta eins og hér hefur verið rakið. Þessar skerðingar hafa grafið undan tiltrú á lífeyriskerfinu og skilja aldrað láglaunafólk eftir jafnsett og fólk sem ekkert hefur greitt í lífeyrissjóð á starfsaldri sínum. Þá vill Miðflokkurinn að öldruðum sé gert kleift að búa á heimilum sínum sem lengst. Til þess þarf að efla heimaþjónustu við aldræða. Jafnframt þurfa að vera fyrir hendi viðunandi húsnæðisúrræði þegar slíks er ekki lengur kostur þrátt fyrir stuðning heima fyrir. Aldraðir sem skilað hafa ævistarfi sínu eiga skilið að búa við góð kjör og öryggi. Miðflokkurinn flytur breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið þess efnis að fyrrgreint 100 þús. kr. frítekjumark falli brott. Með því verði lífeyrisþegum gert kleift að bæta hag sinn með aukinni vinnu án þess að þurfa að þola skerðingar á skerðingar ofan. Tillaga þessi mun ekki hafa neikvæð áhrif á tekjuhlíð ríkissjóðs, þvert á móti hefur verið sýnt fram á það í áðurnefndum útreikningum að hún muni auka tekjur ríkissjóðs þegar hún hefur komið til framkvæmda.

### **Urðunarskattur – illa undirbúinn og minnkar ekki úrgang.**

Það sýnist sérstakt áhugamál ríkisstjórnarinnar að leggja á nýja skatta og færa þá í fallegan buning, gefa þeim ný nöfn eins og græna skatta. Ráðgert er í frumvarpinu að leggja á nýja skatta vegna urðunar úrgangs og flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem skila eiga 1,5 milljörðum kr. í auknar tekjur á árinu 2020 og 2,5 milljörðum kr. þegar þeir verða að fullu komnir til framkvæmda á árinu 2021. Áætlað er að urðunarskatturinn nemi um 6.000 kr. á fjögurra manna fjölskyldu á árinu 2020. Skatturinn mun síðan verða um 12 þús. kr. á hvert heimili árlega þegar hann er að fullu komin til framkvæmda. Sveitarfélögin og urðunarstöðvar hafa lýst yfir áhyggjum af að skatturinn leggist á íbúa óháð því hversu vel þeir standi sig við að flokka.

Skatturinn á að koma til framkvæmda um áramót og fyrirtæki í móttöku sorps eiga að innheimta hann. Fyrirtæki á borð við Sorpu hafa gagnrýnt fyrirhugaða skattheimtu harðlega og sveitarfélögin kvartað yfir samráðsleysi. Telur Sorpa augljóst að tilgangur hugmynda um þennan skatt sé ekki verndun umhverfisins eða aukning í endurvinnslu eða endurnotkun. Tilgangurinn virðist ekki heldur vera að minnka úrgang því urðunarskattur sé ófullnægjandi stjórnæki til þess. Reiknast Sorpu til að meðaltal urðunarskatts þar sem hann er lagður á sé 4,93 kr. á kg en 4,38 kr. ef allra hæsti skatturinn er undanskilinn. Hér er áformað að urðunarskattur verði 15 kr. á kg og það þýði 62% hækkun á urðunargjaldi hjá Sorpu. Tíminn til undirbúnings er mjög skammur. Er bein útgjaldaaukning á íbúa á starfssvæði Sorpu talin nema 795 millj. kr. á ári og er það mat Sorpu að ekki sé hægt að tengja þann kostnað við það sem hver íbúi láti til urðunar, heldur verði að innheimta gjaldið sem aukagjald á hvern íbúa. Eins muni atvinnulífið þurfa að greiða um 1,6 milljarða kr. og muni sá kostnaður líka með einhverju móti greiðast úr veskjum íbúa. Til eru skynsamlegri leiðir að ná þeim markmiðum sem urðunarskattinum er ætlað að ná. Bent hefur verið á að það er hægt að minnka það sem fer til urðunar með því til dæmis að setja skilagjald á þá vöruflokka sem óæskilegt er að fari til urðunar. Eitt kg af sorpi sem fer til urðunar er ekkert betra í jörðu komið þó það sé með urðunarskatti. Það er enginn umhverfisbati af því. Í bréfi fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 7. nóvember sl., segir að útfærsla skattsins sé til skoðunar. Í breytingartillögum ríkisstjórnarinnar er fallið frá þessum áformum og því er ljóst að þessari nýju skattheimtu er frestað um að minnsta kosti eitt ár. Á fundi ráðuneytisins kom einnig fram að fyrirhuguð skattlagning hafi mætt mikilli gagnrýni af hálfu sveitarfélaganna.

### **Landspítalinn – margþættur fjárhagsvandi.**

Landspítalinn er stærsta og mikilvægasta heilbrigðisstofnun landsins. Hann hefur á að skipa framúrskarandi starfsfólki sem vinnu óeigingjarnt starf á hverjum degi, oft við erfiðar aðstæður. Miklar umræður hafa skapast um rekstrarvanda spítalans og sá vandi á sér margþættar rætur. Kjarni málsins er sá að spítalinn og sú þjónusta sem hann veitir vex hraðar en fjárlög gera ráð fyrir þrátt fyrir reiknaðan raunvöxt upp á 1,8% ár hvert. Spítalinn hefur tekið að sér ný verkefni þar sem fjárveitingar hafa ekki fylgt. Af hálfu yfirstjórnar heilbrigðismála hefur t.d. ekki verið leyst úr hinum svokallaða fráflæðisvanda, sem felur í sér að á spítalanum liggur fólk sem að réttu lagi ætti að dveljast á hjúkrunarheimilum. Flóknir kjarasamningar hafa verið gerðir sem erfitt hefur verið að kostnaðarmeta, þar á meðal kjarasamningur við lækna árið 2015. Samningurinn var góður fyrir heilbrigðiskerfið en kostnaðarþættir voru vanmetnir. Spítalinn hefur ekki fengið fjármagn til að standa straum af heildarkostnaði við þennan samning.

Brýnt er að búa heilbrigðisstarfsfólki viðunandi starfsskilyrði og tryggja þannig að mönnun sé á hverjum tíma fullnægjandi. Mönnunarvandi spítalans er einn af hans stærstu áskorunum. Heilbrigðisyfirvöld hafa ekki lagt fram neinar áætlanir um það með hvernig eigi að bregðast við honum. Yfirstjórn Landspítalans hefur kynnt fjárlaganefnd aðhaldsaðgerðir vegna halla á rekstri. Ein af þeim aðgerðum er að falla frá sérstökum kjörum fyrir hjúkrunarfræðinga vegna langvarandi mönnunarvanda á spítalanum, þ.e. svokallað Hekluverkefni þar sem hjúkrunarfræðingar hafa fengið álagsgreiðslur fyrir störf sín í því augnamiði að laða þá til starfa og hækka starfshlutfall þeirra sem fyrir eru. Nú stendur til að leggja þetta kerfi af og er það áhyggjuefni. Það mun þýða að yfirvinna mun aukast og verður það mjög fljótt að háum fjárhæðum. Mikill skortur er á hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum og deildir margar hverjar undirmannaðar. Hjúkrunarfræðingar hafa verið í kjaraviðræðum við ríkisvaldið í rúma sjö mánuði. Ljóst er að samningsvilji af hálfu ríkisvaldsins er takmarkaður. Stjórnvöld verða að eiga raunhæft samtal við Landspítalann um lausnir. Hafa ber í huga að Landspítalinn er fyrst og fremst bráðasjúkrahús. Það er því eðli þjónustunnar sem spítalinn veitir að hún er ófyrirséð. Af þeim sökum hentar það illa að vera á alveg föstum fjárlögum. Bráðamóttaka lokar ekki þegar fjárveiting er búin. Hér þarf meiri sveiganleika. Álag á heilbrigðiskerfið mun aukast jafnt og þétt næstu ár og áratugi með hækkandi lífaldri þjóðarinnar. Ef ætlunin er að tryggja framúrskarandi heilbrigðisþjónustu fyrir alla þarf heilbrigðiskerfið að verða mun skilvirkara. Lýsandi dæmi um vanda kerfisins birtist í því að sjúklingar séu sendir til útlanda í aðgerðir sem kosta þrefalt meira en þær myndu kosta á Íslandi.

Það þýðir ekki fyrir ríkisvaldið að benda á yfirstjórn Landspítalans og yfirstjórn Landspítalans að benda á ríkið. Þjóðin er að eldast sem þýðir aukið álag á kerfið. Aldraðir, 80 ára og eldri, þurfa mesta heilbrigðisþjónustu. Auk þess hefur ný heilbrigðistækni aukið kostnað. Stjórnvöld verða að horfast í augu við vandann og tryggja langtímafjármögnun mikilvægustu heilbrigðisstofnunar landsins.

### **Landbúnaður.**

Sótt er að landbúnaði, undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar frá landnámi, úr ýmsum áttum. Framlög til landbúnaðar hafa lækkað. Ekkert er minnst á landbúnaðinn í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarpið. Látið er undan ósanngjörnum og hættulegum kröfum um aukinn innflutning matvæla sem standast ekki heilbrigðiskröfur, matvæla sem eru ekki framleidd við þau skilyrði sem íslenskum landbúnaði er ætlað að uppfylla. Afar óhagstæður tollasamningur hefur nýlega tekið gildi og á sama tíma er gert ráð fyrir síminnkandi stuðningi við íslenska matvælaframleiðendur og neytendur. Um leið aukast íþyngjandi kröfur

á íslenskan landbúnað jafnt og þétt. Það skekkir enn samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart erlendri framleiðslu. Landbúnaður og matvælaframleiðsla eru undirstaða byggðar víða um land. Því má heldur ekki gleyma að innlend matvælaframleiðsla lækkar kolefnisspor landsins.

Brýnt er að standa vörð um innlenda matvælaframleiðslu til lands og sjávar sem eina af grunnstöðum samfélagsins. Þegar í stað þarf að grípa til aðgerða til að tryggja stöðu sauðfjárræktarinnar en þess sjást ekki merki í fjárlagafrumvarpinu. Þegar í stað þarf að koma fram með mótvægisáðgerðir gegn þeim óhagstæða tollasamningi sem nýlega tók gildi og er ógn við innlenda framleiðslu matvæla. Erfitt er að henda reiður á fjármögnun mótvægisáðgerða í fjárlagafrumvarpinu og hverju þær eiga að skila. Í svo mikilvægu máli ætti að fylgja sundurliðun á aðgerðum og framlög til þeirra í kaflanum um landbúnað í frumvarpinu.

### **Ferðaþjónusta – stærsta atvinnugreinin í óvissu.**

Þróun í ferðaþjónustu er meðal helstu óvissuþátta í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Á undanförunum árum hefur vægi ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu (VLF) vaxið úr rúmum 3,4% á árinu 2010 í 8,6%, á árinu 2017. Framlag ferðaþjónustunnar við öflun gjaldeyristekna er verulegt. Horfur í greininni hafa því veruleg áhrif á efnahagsforsendur frumvarpsins. Stærsta útflutningsgrein landsins býr enn við allt of mikla óvissu. Athygli vekur að framlög til ferðaþjónustu lækka að raungildi um 292 millj. kr., eða 12,8%, frá fjárlögum 2019. Greinin hefur vaxið hratt undanfarin ár en þarf nú að takast á við hægari vöxt og jafnvel samdrátt. Mikilvægt er að bregðast við þessu með því að bæta rekstrarskilyrði greinarinnar strax, t.d. með hraðari lækkun tryggingagjalds en breytingartillaga þess efnis er lögð fram af 2. minni hluta við fjárlagafrumvarpið, eins rakið er hér að framan. Þó að línur í ferðaþjónustu hafi skýrst undanfarna mánuði, eftir fall flugfélagsins Wow air, hefur óvissunni ekki verið aflétt og aðlögun ferðaþjónustunnar að breyttum aðstæðum er ekki lokið. Ætla má að ferðaþjónustan muni þurfa að takast á við mjög neikvæð áhrif af útgöngu Bretlands úr ESB auk þess sem tvísýnar efnahagshorfur í Bandaríkjunum og Kína kunna að hafa áhrif. Undir slíkum kringumstæðum getur samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu skipt sköpum. Þetta kemur m.a. fram í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024 kemur fram að fyrirhugað sé að gera breytingar á gjaldtöku af ferðamönnum á gildistíma áætlunarinnar. Í fjárlagafrumvarpinu er boðuð ný skattheimta í formi gjalda á ferðamenn en af umfjölluninni verður ráðið að skattheimtan eigi að skila 2,5 milljarða kr. tekjum í ríkissjóð árið 2020 en þar er tekið fram að nýleg áföll og óvissa um þróun atvinnugreinarinnar gætu gefið tilefni til þess að þau áform verði tekin til endurskoðunar. Ný 2,5 milljarða kr. skattheimta á ferðaþjónustu myndi óhjákvæmilega hafa veruleg bein áhrif á alþjóðlega samkeppnishæfni greinarinnar og væri því óráð við núverandi aðstæður. 2. minni hluti hvetur ríkisstjórnina til þess að stíga varlega til jarðar þegar kemur að sérstakri skattheimtu á mikilvæga atvinnugrein sem starfar í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og óvissu. Ljóst er að ótímabærar hugmyndir ríkisstjórnarinnar um gjöld á ferðaþjónustuna geta ekki komið til framkvæmda þar sem þær reyndust með öllu óútfærðar.

### **Tollgæsla, fíkniefnaeftirlit og örugg landamæri.**

Fíkniefnavandinn er eitt af alvarlegustu og erfiðustu málum sem steðja að þjóðfélaginu öllu. Sterkari fíkniefni hafa náð fötfestu hér á landi en áður. Neysla ólöglegra fíkniefna veldur einstaklingum, fjölskyldum og samfélögum ómældum skaða og tengist margvíslegri glæpastarfsemi, heilsufars- og félagslegum vandamálum. Fíkniefnasala á netinu hefur mjög fæst í vöxt og auðveldað aðgengið að fíkniefnum. Þessi þróun hefur að sumu leyti þyngt róðurinn í baráttunni gegn fíkniefnum. Aukið fíkniefnaeftirlit á landamærum skilar árangri. Styrkja

þarf tollgæslu í baráttunni gegn innflutningi vímuefna. Jafnframt þarf að bregðast við auknum vanda sem steðjar að einstaklingum og fjölskyldum sem verða fíkniefnum að bráð. Miðflokkurinn leggur áherslu á að auka fjárveitingar til þessa mikilvæga málaflokks og flytur flokkurinn breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið þess efnis að sérstakt aukaframlag upp á 250 millj. kr. fari til embættis tollstjóra, til þess að auka fíkniefnaeftirlit tollgæslunnar á landsvísu og bæta öryggi á landamærum hvað fíkniefnaeftirlit varðar. Visbendingar eru um að framboð fíkniefna hafi aukist hér á landi á undanförunum misserum og er það mikið áhyggjuefni.

### **Heilsuefling aldraðra.**

Fjölgað hefur mjög á biðlistum eftir hjúkrunarrými fyrir aldraða og hefur embætti landlæknis lýst yfir þungum áhyggjum af stöðunni. Biðtíminn hefur auk þess lengst. Í ágústmánuði biðu að meðaltali 375 manns eftir hjúkrunarrými. Þeir sem bíða heima finna oft fyrir miklu óryggi og vanlíðan. Þeim sem bíða á sjúkrahúsi finnst þeir jafnvel vera fyrir og vera hornreka. Þetta hefur veruleg áhrif á lífsgæði fólks.

Miðflokkurinn leggur ríka áherslu á að mæta þessum vanda og leggur til breytingartillögu um 800 millj. kr. framlag til hjúkrunarheimila eins og gerð er grein fyrir hér að framan. Ein leiðin að mati landlæknis til þess að bæta stöðuna er heilsueflingu aldraða. Hlutfall eldra fólks er stöðugt á landinu öllu og heilsuefling og aukin virkni þessa hóps er mikilvæg fyrir lífsgæði samfélagsins alls.

Miðflokkurinn leggur fram breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið um sérstaka fjárveitingu í þennan málaflokk upp á 30 millj. kr. til heilsugæslunnar á landsvísu til þess að auka heilsueflingu aldraða. Stjórnvöld eiga að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa, þar með talið eldri borgara. Heilsuefling og aukin virkni eldra fólks er mikilvæg til að bæta lífsgæði þess og fyrir samfélagið allt. Mikilvægt er að leita leiða til að auka virkni eldra fólks í þeim tilgangi að stuðla að farsælli öldrun.

Heilsuefling aldraðra felur í sér að styrkja og /eða viðhalda góðri heilsu og sjálfstæði. Þættir sem hafa einna mest áhrif á heilsu og líf aldraðra eru félagsleg virkni, næring, hreyfing, stuðningur, áhugamál og sjálfsbjörg. Hindranir sem eru taldar draga úr þátttöku aldraðra til heilsueflingar eru til dæmis ónóg þekking, takmarkaður fjárhagur og félagsleg einangrun.

### **Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni.**

Stefna heilbrigðisráðuneytisins er að efla beri heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað þjónustupega. Það kemur því á óvart að ekki séu lagðir auknir fjármunir til þessarar þjónustu á heilbrigðisstofnunum, einkum þegar lítið er til þess að framboð á ýmissi annarri heilbrigðisþjónustu er takmarkað á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Grundvallarmunur er á þjónustu heilsugæslustöðva landsbyggðarinnar og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þessi munur skýrist af fjölbreyttri þjónustu í höfuðborginni meðan yfir 90% íbúa landsbyggðarinnar nýta heilsugæsluna sem sinn fyrsta viðkomustað. Fjármögnun þarf að vera í samræmi við þetta. Forstjórar heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni komu á fund fjárlaganefndar. Í máli þeirra kom fram að enn er þörf á að styrkja rekstur stofnananna að lágmarki um 800–900 millj. kr. á ári eins og rætt var um á fundi með fjárlaganefnd árið 2017 til þess að þær geti sinnt þeirri þjónustu sem til er ætlast. Miðflokkurinn leggur fram breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að 250 millj. kr. verði settar til heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni til þess að mæta brýnasta vandanum.

## Öryrkjar – fjölgun starfa með stuðningi.

Vinna þarf markvisst að því að styrkja möguleika fatlaðs fólks og öryrkja á almennum vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka öryrkja hér minni en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og umfang starfsendurhæfingar er mun minna. Útgjöld hins opinbera vegna örorkulífeyris eru veruleg í flestum löndum OECD. Hátt hlutfall örorkulífeyrisþega og þau miklu útgjöld sem því fylgja hindra vöxt efnahagslífsins og draga úr framboði vinnuafis á vinnumarkaði.

Mörg lönd innan OECD hafa endurskoðað kerfi örorkulífeyris og stuðnings með það að markmiði að auka virkni og þátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði. Þessi lönd mátu stöðuna þannig að ef ekkert yrði að gert hefði samfélagið ekki efni á þeirri velferðarþjónustu sem vilji væri til að byggja upp innan heilbrigðisþjónustu og menntakerfisins auk þess að ekki væri unnt að veita þjóðfélagsþegnum framfærslustuðning sem enga möguleika hafa á þátttöku á vinnumarkaði.

Hér á landi hefur hlutfall einstaklinga á örorkulífeyri hækkað stöðugt í áratugi og nú er svo komið að það er með því allra hæsta innan OECD. Það er því gríðarlega mikilvægt að snúa þessari þróun við. Flækjustig verkefnisins er hins vegar mikið og það er viðkvæmt því að um er að ræða fólk sem glímur við skerta heilsu og oft bágar aðstæður sem enginn vafi leikur á að þarf oft og tíðum mikla aðstoð og stuðning.

Öryrkjar búa almennt við mun lakari lífskjör en gengur og gerist meðal þjóðarinnar og fátækt er frekar hlutskipti öryrkja en annarra hópa. Mjög fáir fara af örorkulífeyri aftur í vinnu. Þannig má segja að einstaklingar sem fara á örorkulífeyri festist auðveldlega í gildru fátæktar og verri lífsgæða til framtíðar. Það er því ákaflega mikilvægt að vinna markvisst gegn því að æ fleiri verði öryrkjar hér á landi og auka þátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu á vinnumarkaði. Efla þarf samstarf hins opinbera við atvinnurekendur hvað þetta varðar og auka ábyrgð þeirra. Nokkur lönd innan OECD hafa byggt upp sérstakt hvatningarkerfi fyrir atvinnurekendur á þessu sviði. Eitt af því er niðurgreiðsla launa hjá starfsmönnum með skerta starfsgetu. Þá fá atvinnurekendur greidda tiltekna fjárhæð á mánuði með hverjum starfsmanni sem síðan fær greidd hefðbundin laun frá atvinnurekandanum. Þetta fyrirkomulag er í boði hér á landi í gegnum Vinnuálastofnun en er sniðinn þröngur stakkur hvað fjárveitingar varðar. Íslenskur vinnumarkaður tekur lítið sem ekkert við fólk með skerta starfsgetu. Virk þátttaka aðila vinnumarkaðarins er nauðsynleg til að skapa öryrkjum raunveruleg tækifæri til atvinnuþátttöku. Innleiða ætti skattaafslætti til atvinnurekenda sem uppfylla tiltekinn kvóta varðandi hlutfall starfsmanna með skerta starfsgetu.

Í gegnum atvinnu með stuðningi fá þeir sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar aðstoð við að finna starf á almennum vinnumarkaði. Þetta er árangursrík leið sem felur í sér víðtækan stuðning svo þeir geti sinnt starfi á nýjum vinnustað. Vinnusamningar öryrkja eru endurgreiðslusamningar við atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með skerta starfsgetu til starfa og eru ætlaðir til að auka möguleika atvinnuleitenda með skerta starfsgetu til að ráða sig í vinnu á almennum vinnumarkaði. Hér er því mikilvægt úrræði að ræða fyrir þá sem hafa skerta starfsgetu.

Vinnusamningur öryrkja er samningur ætlaður til að gera einstaklingum kleift að ráða sig til vinnu og/eða þjálfunar til starfa. Í gegnum umsjónaraðila er gerður samningur milli Vinnuálastofnunar og atvinnurekanda á almennum vinnumarkaði. Vinnuálastofnun endurgreiðir atvinnurekanda hlutfall af launakostnaði og launatengdum gjöldum. Hlutfallið sem Vinnuálastofnun greiðir fyrstu tvö árin eru 75% en greiðslan lækkar svo um 10% með 12 mánaða millibili þar til lágmarksendurgreiðsluhlutfalli er náð, en það er 25%. Endurgreiðslan fer aldrei undir 25%. Vinnuálastofnun endurgreiðir atvinnurekanda mánaðarlega hlutfall af

launum starfsmannsins gegn því að fá sent afrit launaseðla. Vinnusamning má gera bæði um fullt starf og hlutastarf. 2. minni hluti leggur til breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið þess efnis að Vinnuálastofnun fái aukfjárveitingu upp á 200 millj. kr. svo efla megi þetta mikilvæga úrræði og fjölga vinnusamningum öryrkja.

### **Öryrkjar – mikilvægt að hækka frítekjumark.**

Óhætt er að fullyrða að mikill meiri hluti öryrkja vill vinna innan marka þeirrar starfsgetu sem er til staðar. Tryggingakerfið er hins vegar byggt þannig upp að það hvetur ekki til atvinnuþátttöku. Þannig er frítekjumark atvinnutekna til að mynda 109.600 kr. og hefur verið óbreytt í áratug. Ef það hefði fylgt verðlagshækkunum væri frítekjumarkið rúmlega 151 þús. kr. Kerfið verður að vera þannig uppbyggt að það sé raunverulegur ágóði af því að vinna. Það verður að draga úr keðjuverkandi skerðingum. 2. minni hluti leggur til breytingu við fjárlagafrumvarpið um 325 millj. kr. framlag til hækkunar frítekjumarks atvinnutekna öryrkja.

### **Geðheilbrigðismál.**

Einstaklingum sem glíma við geðræna sjúkdóma af ýmsum toga hefur fjölgað mikið á undanförum árum. Oft er um að ræða mjög ungt fólk sem fær jafnvel úrskurð um örorku til lengri tíma. Geðræn vandamál eru nú algengasta orsök örorku hjá flestum OECD-ríkjum. Í Danmörku, Hollandi, Svíþjóð og Sviss glímur um helmingur nýrra örorkulífeyrisþega við geðræn vandamál. Hér á landi hefur þeim einnig fjölgað mikið sem verða öryrkjar vegna geðrænna vandamála. Nýlegar rannsóknir gefa til kynna að nánast ómögulegt er að vísa börnum og unglingum með geðrænan vanda áfram í viðeigandi úrræði, biðlistarnir eru mánaðalangir. Þessar hindranir bitna á einstaklingunum sjálfum, fjölskyldum þeirra og samfélaginu öllu. Skortur er á geðheilbrigðistengdum úrræðum í samfélaginu og við því verður að bregðast. Á fundi velferðarnefndar Alþingis fyrir skömmu kom fram að geðdeild Landspítalans er komin að sársaukamörkum vegna fækkunar legurýma að mati framkvæmdastjóra geðsviðs. Staðan er verst á móttökugeðdeildinni og fikni- og bráðageðdeild. 2. minni hluti leggur til breytingu við fjárlagafrumvarpið þess efnis að 100 millj. kr. verði veitt aukalega til geðsviðs Landspítalans.

### **Almenn löggæsla.**

Komið hefur fram af hálfu ríkislögreglustjóra að of stór hluti fjárveitinga til lögreglunnar fari í yfirmannabyggingu og almennt sé yfirbygging lögreglunnar allt of mikil. Þessu þarf að breyta og forgangsraða fjárveitingum til lögreglunnar þannig að almenn löggæsla verði efl. Sýnileg löggæsla og eftirlit í umferðinni skilar ótvírætt góðum árangri. Almenn löggæsla á þjóðvegum landsins hefur einnig öflugt forvarnargildi. Sýnileikinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að öryggi borgaranna, öryggistilfinningu þeirra og vilja að fylgja eftir góðri umgengni. 2. minni hluti leggur til breytingartillögu við frumvarpið um 300 millj. kr. aukafjárveitingu til þess að efla almenna löggæslu á landsvísu.

Hér á eftir má sjá skiptingu hækkaðra framlaga til lögregluembætta samkvæmt breytingartillögu 2. minni hluta.

	Frumvarp 2020	Breyting	Staða eftir breytingu
<b>Almanna- og réttaröryggi</b>			
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	5.956,20	136,91	6.093,11
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	2.347,40	53,96	2.401,36
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	754,1	17,33	771,43
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	446,9	10,27	457,17
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	385,4	8,86	394,26
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	1.183,60	27,21	1.210,81
Lögreglustjórinn á Austurlandi	542,7	12,47	555,17
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	1.173,70	26,98	1.200,68
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	261	6,00	267,00
	<u>13.051,00</u>	<u>300,00</u>	<u>13.351,00</u>

### Skógrækt.

Skógrækt er ein af helstu mótvægisáðgerðum Íslendinga í loftslagsmálum. Vekur það því nokkra undrun að samtals lækka fjárveitingar til Skógræktarinnar um 144 millj. kr. í fjárlagafrumvarpinu, ef tekið er tillit til fjárveitinga síðasta árs og loforða sem gefin voru um aukningu fjárveitinga vegna kolefnisbindingar. Það er ljóst að Skógræktin mun ekki geta sinnt þeim verkefnum sem henni er ætlað verði þetta raunin. Þessi niðurskurður til Skógræktarinnar er á skjön við áherslur um mikilvægi skógræktar þegar kemur að kolefnisbindingu. Skógrækt getur orðið veigamikill þáttur í loftslagsáðgerðum Íslands fá greinin nægilegt fjármagn. Að auki skapast fjölmörg störf til framtíðar, aðallega í dreifbýli. Ræktun nýrra skóga er ein mikilvægasta náttúrulega áðgerðin sem heimsbyggðin hefur tilltæka í baráttunni við loftslagsvandann. Nýskógrækt dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rofnu landi og bindur kolefni í jarðvegi.

Minni framlög til skógræktar til skamms tíma hafa alvarleg áhrif á þá uppbyggingu gróðrarstöðva sem hafin er. Þau þýða fækkun starfsmanna sem eiga að sinna ráðgjöf og þjónustu og framkvæmd verkefnisins. Þau þýða að erfitt reynist að veita framlög til rúmlega 600 skógarbænda sem taka þátt í nytjaskógrækt og þeirra 70–80 sem eru í umsóknarferli. Erfitt verður að fjármagna íslenska skógarúttekt. Faglegt utanumhald á kolefnisbindingu skóga er forsenda fyrir áframhaldandi þátttöku landsins í sameiginlegri framkvæmd Parísarsamkomulagsins með ESB- og EES-löndum. Fjármagn skortir til að greiða fyrir plöntur sem þegar er búið að semja um framleiðslu á. Minni framlög til skógræktar þýða til lengri tíma minni kolefnisbindingu í skógum sem gerir ómögulegt að standa við loforð um kolefnis-hlutlaust Ísland árið 2040, minni viðarafurðir til lengri tíma, færri störf við úrvinnslu timburs og meiri innflutning á viðarafurðum í framtíðinni.

Aðeins með því að beita vísindum og skynsemishyggju getum við náð raunverulegum framförum á sviði umhverfismála, en dæmi um slíkt er efling skógræktar og í því tilliti þarf að efla ræktun skógarplantna.

Annar minni hluti leggur fram breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að framlag til skógræktar verði hækkað um 30 millj. kr.

**Fjölmiðlanefnd – styrkur til einrekinna fjölmiðla – breytt aðferðafræði.**

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að 400 millj. kr. fari í stuðning við rekstur einkarekinna fjölmiðla. Miðflokkurinn er með í smíðum tillögur sem fela í sér styrk til einkarekinna fjölmiðla en með annarri aðferðafræði en tillögur ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir. Tillögurnar verða kynntar innan skamms. 2. minni hluti leggur fram breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið þess efnis að fyrirhugaður 400 millj. kr. styrkur verði felldur brott.

Alþingi, 11. nóvember 2019.

Birgir Þórarinsson.